



FJÖLMIÐLANEFND

12. febrúar 2026
Ákvörðun nr. 1/2026

Beiðni Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur um andsvör á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla vegna umfjöllunar Fréttarinnar

I. Málsvik

1.

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun þann 6. janúar 2026 frá Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur (kvartandi) vegna umfjöllunar á netmiðlinum Fréttin.is (Fréttin). Varðaði kvörtunin bæði ranga og villandi framsetningu efnis að mati kvartanda. Í kvörtuninni var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla) um rétt til andvara. Fram kom að Fréttin hefði ekki orðið við beiðni kvartanda um leiðréttingu eða beiðni hennar um að koma á framfæri andsvörum vegna umfjöllunar miðilsins.

Í kvörtuninni kom fram að á vef Fréttarinnar hefði birst frétt þann 17. nóvember 2025 undir fyrirsögninni „Bæjarfulltrúi í Kópavogi segir „kvennalíkama“ alls konar og að sumar konur séu með typpi“. Tilefni fréttarinnar hefði verið athugasemd kvartanda sem hún skrifaði undir færslu í tilteknum umræðuhópi á Facebook. Að mati kvartanda væri ýmislegt fullyrt um hana í fréttinni sem væri ekki rétt, rangt væri haft eftir henni og henni eignuð ummæli sem hún hefði aldrei látið frá sér. Kvartandi tiltók nokkur ummæli sérstaklega sem dæmi um framangreint. Hún hefði haft samband við ritstjórn Fréttarinnar daginn eftir að umfjöllunin birtist og óskað eftir leiðréttingu. Ritstjóri Fréttarinnar hefði hins vegar ekki séð ástæðu til að leiðrétta fréttina. Með kvörtuninni fylgdu afrit af tölvupóstsamskiptum kvartanda við ritstjóra Fréttarinnar vegna fyrrgreindrar umfjöllunar þar sem m.a. kom fram að ritstjórinn hefði hringt í kvartanda í tilefni af umfjölluninni og tekið símtalið upp.



FJÖLMIÐLANEFND

2.

Með erindi þann 16. janúar 2026 óskaði Fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum og sjónarmiðum frá Fréttinni ehf., fjölmiðlaveitu Fréttarinnar, vegna kvörtunarinnar. Var m.a. óskað eftir afriti af fyrrgreindu símtali og öðrum gögnum sem máli gætu skipt við úrlausn málsins. Svör bárust þann 19. janúar 2026 þar sem fram kom að umrædd grein væri aðsend grein og því hefði það verið mat Fréttarinnar að ekki væri hægt að verða við beiðni kvartanda um leiðréttingu þar sem Fréttin stundi ekki „ritskoðun á aðsendum greinum“. Ritstjóri Fréttarinnar hefði hringt í kvartanda þar sem hún „staðfesti“ það sem kom fram í fréttinni. Að mati Fréttarinnar væri ekki um fullyrðingar að ræða heldur „vangaveltur“ þess sem skrifaði fréttina. Ekki barst afrit af símtalinu eins og óskað hafði verið eftir.

Fjölmiðlanefnd ítrekaði beiðni sína um afrit af símtalinu með erindi þann 20. janúar 2026. Jafnframt benti nefndin á að fyrrgreind umfjöllun væri birt undir flokknum „Fréttir“ á vef Fréttarinnar og enginn greinarmunur gerður á henni og öðrum fréttum á miðlinum þó um væri að ræða aðsenda grein samkvæmt upplýsingum frá Fréttinni. Fjölmiðlar yrðu að gæta þess að gera greinarmun á fréttum sem stöfuðu frá ritstjórn annars vegar og aðsendum greinum og skoðanapistlum hins vegar og varast að blanda slíku efni saman. Sama dag barst afrit af símtalinu frá Fréttinni og upplýsti fjölmiðlaveitan að umfjöllunin hefði nú verið merkt með efnisorðinu „aðsend grein“. Umfjöllunin væri hins vegar áfram birt undir flokknum „Fréttir“.

Fjölmiðlanefnd sendi kvartanda jafnframt erindi þann 20. janúar 2026 og óskaði eftir upplýsingum um hvaða rangfærslur í fréttinni það nákvæmlega væru sem óskað væri leiðréttingar á áður en nefndin gæti tekið ákvörðun um hvort réttur til andsvara samkvæmt lögum um fjölmiðla væri fyrir hendi. Nánari upplýsingar frá kvartanda bárust síðar sama dag þar sem fram kom hvaða staðreyndir hún teldi að rangt hafði verið farið með í umfjöllun Fréttarinnar. Beiðni um leiðréttingu hefði verið hafnað af ritstjóra Fréttarinnar og því hefði réttur kvartanda til andsvara ekki verið virtur að hennar mati. Þann 21. janúar 2026 óskaði Fjölmiðlanefnd síðan eftir staðfestingu á því frá kvartanda að skjáskot af athugasemd hennar á Facebook, sem var hluti af umfjöllun Fréttarinnar og tilefni þeirra skrifa, væri rétt og staðfesti kvartandi sama dag að svo væri.

3.

Kvörtunin var lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi nefndarinnar þann 28. janúar 2026 ásamt upplýsingum frá kvartanda um nákvæmlega hvaða staðreyndir hún teldi að rangt hefði verið farið



FJÖLMIÐLANEFND

með í umfjöllun Fréttarinnar. Féllst nefndin á beiðni kvartanda um að hún ætti rétt til andsvara á grundvelli 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Tók nefndin undir þau sjónarmið að lögmætir hagsmunir hennar hefðu beðið tjón af því að rangt hefði verið farið með staðreyndir í umfjöllun á vef Fréttarinnar, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla, og að fjölmiðlaveita miðilsins, Fréttin ehf., hefði ekki brugðist með fullnægjandi hætti við beiðni kvartanda um andsvör, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Ákvað nefndin að óska eftir sjónarmiðum Fréttarinnar við afmörkuðum andsvörum kvartanda og var það gert með erindi þann 29. janúar 2026. Því erindi var svarað af hálfu Fréttarinnar samdægurs. Ítrekaði Fréttin að aðeins væri um vangaveltur að ræða frá þeim sem skrifaði fréttina og kvartandi hefði staðfest í símtali við ritstjóra Fréttarinnar hver sjónarmið hennar væru. Kvartanda hefði verið boðið að ræða málið frekar og „kappræða“ en því hefði verið hafnað. Var tekið fram að kvartanda stæði til boða að koma í viðtal hjá Fréttinni og ræða hvað hún ætti raunverulega við með orðum sínum og gera „hreint fyrir sínum dyrum“. Framangreind svör Fréttarinnar breyttu ekki því mati Fjölmiðlanefndar að kvartandi ætti rétt til andsvara á grundvelli 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Ákvað nefndin að Fréttinni ehf. yrði gert að birta andsvör kvartanda á netmiðli sínum, sbr. 4. mgr. 36. laga um fjölmiðla.

Með erindi þann 30. janúar 2026 óskaði Fjölmiðlanefnd eftir andsvari kvartanda í formi heildstæðs texta þar sem staðreyndir sem hún teldi að rangt hefði verið farið með í umfjöllun Fréttarinnar þann 17. nóvember 2025 væru leiðréttar. Var tekið fram að andsvarið þyrfti að vera í samræmi við 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla en þar eru taldar upp aðstæður þar sem fjölmiðlaveitu er heimilt að synja beiðni um andvar. Síðar sama dag bárust svör frá kvartanda og voru þau lögð fyrir Fjölmiðlanefnd til samþykktar. Fullbúin og undirrituð andsvör kvartanda í samræmi við 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla bárust Fjölmiðlanefnd þann 12. febrúar 2026.

II. Réttur til andsvara

1.

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir í 1. mgr. að aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra. Réttur til andsvara nær til alls efnis sem birtist í fjölmiðlum, ekki einungis til fréttar.



FJÖLMIÐLANEFND

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins
- b) í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni
- c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði
- d) andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila
- e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta
- f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum

Í 4. mgr. 36. gr. kemur fram að synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa geti hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til Fjölmiðlanefndar sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skuli tekin innan viku frá því Fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skuli nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. m-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla, auk þess sem Fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 53. gr. Þá er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits, sbr. 6. mgr. 54. gr. laganna.

2.

Réttur til andsvara tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann. Synjun á réttinum er undantekning frá meginreglunni um andsvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Þetta kemur m.a. fram í skýringum við ákvæði 36. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um fjölmiðla. Á hinn bóginn er ljóst að rétturinn er háður því að viðkomandi eigi sjálfur lögvarinna hagsmuna að gæta. Nóg er að hann „telji“ að brotið hafi verið gegn lögvörðum hagsmunum sínum vegna þess að rangt var farið með staðreyndir í fjölmiðli, sbr. orðalag 1. mgr. 36. gr. Af því má ráða að aðili þarf ekki að sanna með óyggjandi hætti að sú sé raunin, heldur sé honum einfaldlega heimilt að fá andsvör sín birt. Fjölmiðli sé skylt



FJÖLMIÐLANEFND

að veita andsvarsrétt komi fram beiðni þar um sem uppfyllir að öðru leyti skilyrði 36. gr. þó atvik máls séu ekki að fullu ljós.¹

Þá leiðir af a- og b-lið 2. mgr. 36. gr. að fjölmiðlaveitu er heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Eins og fram kemur í athugasemdum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla eru með þessu tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Því er ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla er reist á 23. gr. þágildandi hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2007/65/EB, sem fjallaði um rétt einstaklinga og lögaðila til andsvara í sjónvarpsútsendingum, en samsvarandi ákvæði er nú að finna í 28. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2010/13/ESB, sem síðast var breytt með tilskipun 2018/1808/ESB. Í tilmælum Evrópuráðsins Rec(2004)16 um andsvarsrétt í nýju fjölmiðlaumhverfi er gerð ítarleg grein fyrir mikilvægi þess að aðilar hafi rétt til andsvara án tillits til þess um hvers konar miðil er að ræða hverju sinni. Synji fjölmiðill beiðni um birtingu andsvars eða það er ekki birt með fullnægjandi hætti á viðkomandi að eiga kost á því að fara með málið fyrir t.d. dómstól eða annan aðila sem getur fyrirskipað birtingu þess.

3.

Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur komið fram að rétturinn til andsvara sé mikilvægur hluti af tjáningarfrelsinu og njóti verndar 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.² Einstaklingar verða að eiga möguleika á því að véfengja rangar upplýsingar og koma þannig mismunandi skoðunum á framfæri. Að mati dómstólsins skerðir rétturinn til andsvara ritstjórnarlegt vald fjölmiðla, t.d. ákveðun um hvort birta beri ákveðið efni eða ekki, en við vissar aðstæður og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sé sú skerðing réttlæt看leg til verndar tjáningarfrelsinu.³ Því má segja að þegar réttur til andsvara á við þurfi hið víðtæka fjölmiðlafrelsi að víkja fyrir tjáningarfrelsi einstaklinga og annarra sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta. Í dómi Mannréttindadómstóls

¹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 174-175.

² Sjá t.d. *MDE, Melnychuk gegn Úkraínu*, 5. júlí 2005 (28743/03) og *MDE, Tölle gegn Króatíu*, 10. desember 2020 (41987/13).

³ *MDE, Melnychuk gegn Úkraínu*, 5. júlí 2005 (28743/03) og *MDE, Eker gegn Tyrklandi*, 24. október 2017 (24016/05).



FJÖLMIÐLANEFND

Evrópu í máli *Eker gegn Tyrklandi* kom t.d. fram að réttur blaðamannafélags til þess að leiðrétta rangar staðreyndir sem birst höfðu í dagblaði gengi framár rétti útgefanda blaðsins til þess að ráða hvaða efni hann birti. Taldi dómstóllinn það ekki vera brot á tjáningarfrelsi þess síðarnefnda að honum hefði verið gert að birta andsvör blaðamannafélagsins enda var sú skerðing byggð á lögum og stefndi að lögmætu markmiði til verndar orðspori og réttindum annarra. Tilgangur réttar til andsvara væri að gefa öllum kost á að svara fyrir fullyrðingar eða skoðanir sem birst höfðu í fjölmiðlum og gætu skaðað einkalíf þeirra, heiður eða æru. Dómstóllinn ítrekaði jafnframt að slík afskipti væru nauðsynleg í lýðræðissamfélagi til þess að tryggja fjölræði upplýsinga.⁴

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

1.

Réttur til andsvara samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla lýtur líkt og fyrr greinir að því að leiðrétta staðreyndir þegar aðili telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Að baki ákvæðinu búa þau grunnrök að aðili, sem fjallað er um í fjölmiðli, fái komið að sjónarmiðum sínum og eigi rétt til andsvara telji hann að á honum hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Eins og ráða má af ákvæðinu lýtur rétturinn að því að koma andsvörum á framfæri eftir að efni hefur verið miðlað í fjölmiðli en ekki áður en því er miðlað. Við matið kann þó að hafa þýðingu hvort viðkomandi hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við fjölmiðil áður en efni var miðlað, enda hefur markmiði andvarsréttarins þá í reynd verið mætt, a.m.k. að einhverju leyti.

Auk framangreinds er ljóst af því sem rakið er í II. kafla hér á undan að réttur til andsvara lýtur ekki að því að koma sjónarmiðum að með almennum hætti. Fjölmiðlaveitu er þannig heimilt að synja beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins, sem og ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Einnig er ljóst að synjun á réttinum er undantekning frá meginreglunni um andvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið.

⁴ MDE, *Eker gegn Tyrklandi*, 24. október 2017 (24016/05).



FJÖLMIÐLANEFND

2.

Líkt og áður greinir hefur kvartandi farið fram á að koma að andsvörum vegna umfjöllunar Fréttarinnar. Varðar kvörtunin umfjöllun sem birtist á vef miðilsins þann 17. nóvember 2025 undir fyrirsögninni „Bæjarfulltrúi í Kópavogi segir „kvennalíkama“ alls konar og að sumar konur séu með typpi“. Tilefni fréttarinnar var athugasemd kvartanda sem hún skrifaði undir færslu í tilteknum umræðuhópi á Facebook. Jafnframt hringdi ritstjóri Fréttarinnar í kvartanda og bað um nánari skýringar á því hvað hún ætti við með fyrrgreindri athugasemd og var texta um það samtal bætt við umfjöllunina.

Í tölvupóstsamskiptum á milli kvartanda og Fréttarinnar kemur fram að kvartandi hafði fyrst samband vegna umfjöllunar miðilsins þann 18. nóvember 2025. Gerði hún athugasemdir við tilvitnanir í fréttinni sem hún taldi rangar og ósannar enda hefði hún aldrei látið þau orð falla. Kom fram að hún teldi umfjöllunina til þess fallna að skaða orðspor sitt sem kjörins fulltrúa. Óskaði hún eftir svörum frá Fréttinni og leiðréttingu eftir atvikum. Síðar sama dag barst svar frá ritstjóra Fréttarinnar þar sem fram kom að samtal hennar við kvartanda hefði verið tekið upp og spurði hún kvartanda hvað hún teldi hafa verið rangt haft eftir henni. Sú sem skrifaði fréttina hefði skilið orð kvartanda út frá hennar „innleggi“ á þann hátt sem fram kæmi í fréttinni. Að sögn ritstjórans hafði kvartandi sagt í samtalinu, sem upptaka væri til af, að henni „þætti ekkert eðlilegra en að litlar stúlkur baði sig með karlmönnum sem kalla sig konur“ og að kvartandi hafði fullyrt að „transkonur/líffræðilegir karlar séu konur og kvenlíkamar séu allskonar, eins og t.d. með typpi og pung“. Óskaði ritstjóri Fréttarinnar eftir upplýsingum um hvað það væri sem ætti að leiðrétta. Kvartandi svaraði með því að ítreka að hún hefði aldrei látið þau ummæli sem höfð væru eftir henni falla. Með öðrum tölvupósti ítrekaði kvartandi aftur að tilvitnun í hana í umfjöllun Fréttarinnar væri röng og óskaði eftir „opinberri leiðréttingu með sama sýnileika og upphaflega fréttin“ þar sem fram kæmi að hún hefði aldrei sagt það sem fram kæmi í fréttinni. Þeim tölvupósti var svarað í kjölfarið af ritstjóra Fréttarinnar sem m.a. ítrekaði að hún teldi umfjöllunina vera rétta og að kvartandi hefði sjálf látið falla þau orð sem væru tilefni hennar. Í ljósi þess væri að mati ritstjóra Fréttarinnar engin ástæða til leiðrétta það sem þar væri skrifað.

Í svari ritstjóra Fréttarinnar þann 19. janúar 2026 vegna beiðni Fjölmiðlanefndar um sjónarmið vegna kvörtunarinnar kom fram að umrædd grein væri „aðsend“ og að ritstjórn Fréttarinnar stundi „ekki ritskoðun á aðsendum greinum“. Haft hefði verið samband við kvartanda símleiðis þar sem hún hefði að mati Fréttarinnar staðfest það sem fram kom í umfjölluninni. Að mati ritstjóra Fréttarinnar væri ekki alveg ljóst hvað það væri sem kvartandi vildi láta leiðrétta. Um vangaveltur hefði verið að ræða í umfjölluninni en ekki fullyrðingar. Fréttin hefði verið uppfærð eftir samtal



FJÖLMIÐLANEFND

ritstjóra Fréttarinnar við kvartanda en ekki hefði verið unnt að leiðrétta hana þar sem um væri að ræða aðsenda grein. Þann 29. janúar 2026, eftir að Fjölmiðlanefnd hafði sent Fréttinni upplýsingar frá kvartanda um nákvæmlega hvaða staðreyndir hún teldi að rangt hefði verið farið með í umfjöllun miðilsins, ítrekaði ritstjóri Fréttarinnar að aðeins væri um vangaveltur að ræða frá þeim sem skrifaði fréttina og kvartandi hefði staðfest í símtali við ritstjóra Fréttarinnar hver sjónarmið hennar væru. Kvartanda hefði verið boðið að ræða málið frekar og „kappræða“ en því hefði verið hafnað. Var tekið fram að kvartanda stæði til boða að koma í viðtal og ræða hvað hún ætti raunverulega við með orðum sínum og gera „hreint fyrir sínum dyrum“ teldi hún um misskilning að ræða.

Að mati kvartanda er ýmislegt fullyrt um hana í umfjöllun Fréttarinnar og rangt haft eftir henni. Henni séu eignuð ummæli sem hún hafi aldrei látið falla. Umfjöllun Fréttarinnar hafi síðan verið deilt fjölmörgum sinnum og orðið tilefni mikillar umræðu. Afleiðingar þess hafi m.a. verið fjöldi niðrandi og fordæmandi ummæla á samfélagsmiðlum um hana persónulega. Að mati kvartanda hafi umfjöllunin haft mikil áhrif á orðspor hennar þar sem henni séu ranglega eignuð alvarleg ummæli um öryggi kvenna og stúlkna og afstöðu til kynferðisofbeldis.

3.

Að mati Fjölmiðlanefndar hefur kvartandi leitt að því líkur að lögmætir hagsmunir hennar hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í umfjöllun Fréttarinnar, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Brást Fréttin ehf., fjölmiðlaveita Fréttarinnar, ekki með fullnægjandi hætti við beiðni kvartanda um andsvör þegar fyrir lá að hún vildi koma þeim á framfæri, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Það að um „aðsenda grein“ hafi verið að ræða, sem þó var birt undir flokknum „Fréttir“, hefur ekki áhrif á rétt kvartanda til andsvara enda nær rétturinn til alls efnis sem birtist í fjölmiðlum. Af gögnum málsins má ráða, m.a. af athugasemd þeirri sem var tilefni umfjöllunar Fréttarinnar og því sem kom fram í símtali ritstjóra Fréttarinnar við kvartanda, að kvartandi lét ekki þau orð falla sem henni eru eignuð í umfjöllun Fréttarinnar. Synjun eða takmarkanir á réttinum til andsvara er undantekning frá meginreglunni um andvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Það er hins vegar ekkert sem kemur í veg fyrir að fjölmiðill birti sínar athugasemdir eða sjónarmið aftur og jafnvel samhliða andsvári.⁵

⁵ MDE, *Eker gegn Tyrklandi*, 24. október 2017 (24016/05) og MDE, *Ediciones Tiempo gegn Spáni*, 12. júlí 1989 (13010/87).



FJÖLMIÐLANEFND

Með vísan til alls framangreinds og 1. og 4. mgr. 36. laga um fjölmiðla er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að kvartandi eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Skal Fréttin ehf., fjölmiðlaveita Fréttarinnar, birta andsvör kvartanda, sem finna má í V. kafla ákvörðunar þessar, á vefsíðu Fréttarinnar, frettin.is. Skulu þau birt svo eftir verði tekið á forsíðu miðilsins, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla og athugasemdir við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla, og með sömu leturgerð- og stærð og fréttir Fréttarinnar. Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. m-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Auk þess er Fjölmiðlanefnd heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 53. gr. laga um fjölmiðla. Fjölmiðlaveitu er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

IV. Ákvörðunarorð

Fréttin ehf. skal birta andsvör Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur vegna umfjöllunar Fréttarinnar þann 17. nóvember 2025 um hana, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

Skulu andsvörin birt svo eftir verði tekið á forsíðu vefs Fréttarinnar, frettin.is, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla og athugasemdir við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla. Skulu andsvör birt með sömu leturgerð- og stærð og fréttir Fréttarinnar.

Andsvör skulu birt án tafar, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla, eða eigi síðar en fyrir miðnætti föstudaginn 13. febrúar 2026.

Einar Hugli Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson



FJÖLMÍÐLANEFND

V. Andsvör Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur

„Í umfjöllun Fréttin.is þann 17. nóvember 2025 eru mér eignuð ummæli sem ég hef ekki látið falla. Þar er meðal annars fullyrt að ég segi stúlkum og skólastúlkum að þær eigi að „þegja og sætta sig við karlmenn í kvennaklefa“ og að ég beri ekki virðingu fyrir konu sem varð fyrir kynferðisofbeldi. Ég hef ekki tjáð mig með þessum hætti og þetta er ekki mín afstaða. Í þeirri umræðu sem vísað er til skrifaði ég eingöngu eftirfarandi: „Þú getur farið í sérklefa ef þér þykir óþægilegt að vera í klefa með öðrum fjölbreyttum kvennalíkömum.“ ásamt því sem ég sagði í símtali við ritstjóra að trans konur mættu nota búningsklefa fyrir konur, enda séu þær konur. Fyrirnefndar fullyrðingar í greininni eru því rangar.“